

FORMANNAFUNDUR LH 2019

Skýrsla laganefndar

Stjórn laganefndar:

Ólafur Haraldsson, formaður
Ingi Tryggvason, meðstjórnandi
Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi

Hér að neðan er að finna skýrslu laganefndar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2019 fram að formannafundi LH 1. nóvember 2019.

Laganefnd hefur verið stjórn LH, keppnisnefnd og ferða- samgöngunefnd til ráðgafar um lögfræðileg álitæfni sem upp hafa komið það sem af er ári. Þetta er í samræmi við samþykkt hlutverk hennar, sem er að vera ráðgefandi fyrir stjórn LH og aðrar nefndir félagsins, sem og að yfirfara lög félagsins og eftir afvikum koma með tillögur um breytingar á lögum LH.

Nefndin hefur haldið einn formlegan fund á árinu þar sem rædd voru og afgreidd verkefni frá stjórn og frá ferða- og samgöngunefndar. Auk þess sem nefndin ræddi og ályktaði um hlutverk laganefndar innan stjórnkerfis LH. Auk þess sem nefndin hefur haldið nokkra símafundi og verið í samskiptum með tölvupósti.

Þá fór nefndin yfir breytingar og uppfærslu á lögum LH vegna breytinga á lögum sambandsins sem samþykktar voru á síðasta landsþingi. Auk þess sem nefndin var keppnisnefnd til ráðgjafar vegna breytingar á keppnisreglum FEIF og innleiðingar í lög LH.

Þá hefur nefndin unnið að athugun á lögum og reglum LH og samspili þeirra reglna við lög FEIF, aðallega að því er varðar keppnisreglur FEIF. Telur nefndin ljóst að úrbóta er þörf, þar sem ljóst er að nokkuð ósamræmi er í dag milli keppnisreglna LH og keppnisregla FEIF, þrátt fyrir að LH sé skuldbundið samkvæmt lögum LH að beita keppnisreglum FEIF á mótum á Íslandi. Ljóst er að hér er um nokkuð umfangsmikið verkefni er að ræða og hefur nefndin rætt þetta innan nefndarinnar auk og með fulltrúum stjórnar LH.

Hér að neðan er að finna stutt yfirlit yfir verkefni laganefndar á árinu:

7. mars 2019 – Erindi stjórnar LH til laganefndar. Erindið var í tveimur liðum og var tekið fyrir á fundi laganefndar 12. mars;

- i. Óskað eftir aðstoð við gerð erindis til Umboðsmanns Alþingis um lagalegan rétt ríðandi manna meðfram ám og vatnsbökkum. Niðurstaða laganefndar var sú að það ætti ekki undir umboðsmann Alþingis að fjalla almennt um rétt ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum. En í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis segir að hlutverk hans sé að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga eins og nánar er lýst í lögnum. Umboðsmaður fjallar ekki almennt um mál heldur einstök atvik þar sem aðilar telja að brotið hafi verið á sér í stjórnarsýslunni.
- ii. Óskað var eftir áliti laganefndar á því hver eigi að bera ábyrgð á því að færa inn breytingar á lögum og reglum LH sem samþykktar eru á landsþingi félagsins. Taldi laganefnd að það færi best á því að laganefndin hefði umsjón með því.

8. mars 2019 - Erindi ferða- og samgöngunefndar til laganefndar.

Þann 8. mars barst erindi frá ferða- og samgöngunefnd í tilefndi af endurskoðun náttúruverndarlaga. Var óskað eftir álitum laganefndar á tillögu um breytingu á 20. gr. laganna þar sem kveðið væri um rétt við núverandi grein nýju ákvæði um rétt ríðandi manna þjóðleið á eignarlandi. Laganefnd taldi ekki þörf á því að setja fram tillögu til breytinga á lögnum enda væri þegar kveðið á um þennan rétt í lögnum, en í 26. gr. laganna segir:

“Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.”

Apríl 2019 – Uppfærsla á keppnisreglum LH til samræmis við breytingar keppnisreglum FEIF.

Unnið með skrifstofu LH, fulltrúa stjórnar og fulltrúa keppnisnefndar vegna uppfærslu á keppnisreglum FEIF.

Farið yfir breytingar á keppnisreglum FEIF, þýðing á breytingum og uppfærsla á lögum LH, til samræmis við breytingar á reglum FEIF.

10. október 2019 – Erindi til laganefndar frá reiðveganefnd Léttis. Óskað eftir álitum laganefndar á lögum um

- (i) heimild landeiganda (sveitarfélags) til að leggja niður eða færa reiðvegi á gildandi skipulagi.
- (ii) Heimild landeiganda eða opinberra fyrirtæka til að girða land með ókleifri girðingu út í á eða vatnsbakka.

Varðandi fyrri liðinn þá benti laganefnd á að meginreglan sé sú ekki megi loka varanlega fyrir forna þjóðleið eða skipulagðan reiðstíg. Vilji landeigandi breyta skipulagi þarf það að fara í ákveðið ferli þ.m.t. auglýsingu, þar sem þeim sem hagsmuna eiga að gæta er gert kleift að gera athugasemdir við fyrirhugað skipulag.

Varðandi síðari liðinn benti laganefnd á að meginreglan er sú að ekki er heimilt að setja girðingu á vatns-, ár eða sjávarbakka þannig að hún hindri umferð. Þá segi í 26. gr. náttúruverndarlaga að „Þegar girða [þurfi] yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu“

F.h laganefndar
Stjórn